



Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið
bt. Ragna Árnadóttir, dómsmála- og mannréttindaráðherra
Skuggasundi
150 Reykjavík

Dagsetning: 7. apríl 2010

Umsögn: um drög að frumvarpi til laga um breytingar á barnalögum nr. 76/2003 hvað varðar meðlagskerfið sem kynnt var á vef Dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins 4. febrúar 2010

Félag um foreldrafjórétti vill hér ítreka þá grundvallarreglu barnaréttarins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru. Hagsmunir barnsins skulu ganga fyrir öðrum hagsmunum.

Við lestur þessarar umsagnar er nauðsynlegt að hafa núverandi [barnalög nr. 76/2003](#) og [frumvarpsdrögin sem fjallað er um](#) til hliðsjónar.

Barnalög nr. 76/2003.

Sótt af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2003076.html>

Frumvarpsdrög.

Sótt af http://www.domsmlaraduneyti.is/media/frettir/Frumvarp_medlag_04.02.10.pdf

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Framfærsluskylda foreldra sem ekki búa saman	3
Um 1. gr.	3
Samningur um framfærslu eða meðlag	3
Um 2. gr.	3
Hverjir krafist geta meðlags	4
Um 3. gr.	4
Úrskurður eða dómur um meðlag	4
Um 4. gr.	4
Um 5. gr.	8
Sérstök útgjöld.....	8
Um 6. gr.	8
Lok framfærsluskyldu.....	8
Um 7. gr.	8
Framlag til menntunar eða starfsþjálfunar	9
Um 8. gr.	9
Greiðsla meðlags	9
Um 9. gr.	9
Breyting á samningi eða dómsátt um meðlag.....	10
Um 10. gr.	10
Reglugerð um ákvörðun meðlags og fleira	10
Um 11. gr.	10
Fjárnámsheimild	10
Um 12. gr.	10
Greiðsluskylda Tryggingastofnunar ríkisins.....	11
Um 13. gr.	11
Lög um félagslega aðstoð.....	11
Um 14. gr.	11
Gildistaka laganna.....	12
Um 15. gr.	12
Lokaorð	12

INNGANGUR

Félag um foreldrajafrétti stendur bæði fyrir það að barn hafi sama rétt til beggja foreldra og að báðir foreldrar sitji við sama borð varðandi réttindi og skyldur gagnvart barni.

Það er skoðun okkar hjá Félagi um foreldrajafrétti að meðlag eigi að vera einskonar neyðarráðstöfun þegar foreldri hefur ekki kost á því að framfæra barn sitt með beinum hætti. Bestu hagsmunir barns hljóta að vera þeir að foreldri framfæri það með beinum og milliliðalausum hætti þannig að framfærsla og umönnun fari saman.

FRAMFÆRSLUSKYLDA FORELDRA SEM EKKI BÚA SAMAN

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er tekið á framfærsluskyldu foreldra sem ekki búa saman.

Umsögn Félags um foreldrajafrétti:

Félagið bendir á þá staðreynd að börn búa í raun á tveimur heimilum í langflestum tilfellum þegar foreldrar búa ekki saman. Því er óheppilegt að segja „það foreldri sem barn býr ekki hjá“ í 1. mgr. 54. gr. laganna. Að öðru leiti fagnar félagið þeirri breytingu að fyrst og fremst sé verið að tryggja sameiginlega framfærslu foreldra á barni fremur en að hafa þá meðlagsskyldu sem verið hefur.

Tillögur Félags um foreldrajafrétti að úrbótum:

Að 1. mgr. 54. gr. orðast svo: Barn á rétt á því að það foreldri sem barn hefur ekki lögheimili hjá taki þátt í framfærslu þess með greiðslu kostnaðar við framfærslu barnsins eða með greiðslu meðlags.

Að allur texti frumvarpsins verði lagaður að þeirri staðreynd að barn býr oft á tíðum á tveimur heimilum þó lögheimili sé aðeins á öðru heimilinu.

SAMNINGUR UM FRAMFÆRSLU EÐA MEÐLAG

Um 2. gr.

Í 2. gr. er kveðið á um samninga um framfærslu eða meðlag milli foreldra og staðfestingu sýslumanns á samningum um meðlag.

Umsögn Félags um foreldrajafrétti:

Í 1. mgr. 55. gr. segir „Foreldrar sem búa ekki saman geta samið um hvernig skipa skuli framfærslu barns, enda fari sú skipan ekki á bága við hag og þarfir barnsins.“ en í greinargerð með 54. gr. segir „Þannig geta foreldrar einungis óskað eftir staðfestingu sýslumanns ef gerður er samningur um greiðslu meðlags ...“.

Félagið leggur áherslu á að bein framfærsla til barns er alltaf betri kostur en greiðsla meðlags. Löggjafinn þarf að vera hvetjandi til að fá foreldra til að semja um beina framfærslu fremur en til greiðslu meðlags. Það getur verið fráhrindandi að sýslumaður geti ekki staðfest samning um framfærslu með öðrum hætti en greiðslu meðlags. Jafnvel þó eðlilega verði ekki hægt að fullnusta samning með aðfarargerð þá getur staðfesting sýslumanns á samningi um framfærslu með öðru móti virkað hvetjandi á foreldra að semja þannig.

Tillögur Félags um foreldrajafrétti að úrbótum:

Að 2. mgr. 55. gr. orðast svo: Foreldrar geta óskað staðfestingar sýslumanns á samningi um framfærslu eða meðlag skv. 1. mgr. Sýslumaður skal leiðbeina þeim um réttaráhrif samnings. Sýslumaður getur synjað um staðfestingu samnings ef hann er andstæður hag og þörfum barns og ber að synja telji hann samninginn í andstöðu við lög.

HVERJIR KRAFIST GETA MEÐLAGS

Um 3. gr.

Í 3. gr. er kveðið á um hverjir geti krafist meðlags og er það nokkuð áþekkt eldri lögum.

Umsögn Félags um foreldrajafrétti:

Félagið gerir engar athugasemdir við 3. grein frumvarpsins.

ÚRSKURÐUR EÐA DÓMUR UM MEÐLAG

Um 4. gr.

Í 4. gr. frumvarpsins er fjallað um hvaða sjónarmið eigi að leggja til grundvallar og með hvaða hætti skuli úrskurðað eða dæmt um kröfu um meðlag.

1. mgr. tekur á því að ef foreldra greinir á um framfærslu barns þá geti sýslumaður úrskurðað um meðlag.

2. mgr. kveður á um að leysa eigi úr ágreiningi um meðlag komi fram krafa um það í forsjár eða faðernismáli.

Í 3. mgr. er fjallað um hvaða atriði á að taka mið af við ákvörðun meðlags.

Í 4. mgr. 57. gr. skv. frumvarpi er kveðið á um framfærslukostnað barns og við hvaða tekjur er átt við sem koma til útreiknings meðlags skv. úrskurði eða dómi.

Í 5. mgr. 57. gr. skv. frumvarpi segir að við ákvörðun meðlags skuli taka mið af umgengni.

Í 6. mgr. 57. gr. skv. frumvarpi er kveðið á um að ekki megi takmarka framfærsluskyldu við lægri aldur en 18 ár.

Í 7. mgr. er áréttuð sú regla að hægt er að úrskurða meðlag tímabundið ef til er tímabundin samningur um forsjá.

Umsögn Félags um foreldrajafrétti:

Félagið fagnar þeirri breytingu sem kemur fram í 1. mgr. 57. gr. skv. frumvarpi þar sem búið er að taka út úr lögunum „Nú fullnægir foreldri ekki framfærsluskyldu sinni gagnvart barni“ þar sem sjálfkrafa vart gert ráð fyrir því að þeir sem ekki fara með lögheimili barns sinni ekki skyldu sinni til framfærslu. Þannig voru umgengnisforeldrar lögbrjótar samkvæmt lögum og höfðu sér enga vörn. Nú er vísað til ágreinings milli foreldra um framfærslu sem er öllu sanngjarnara viðmið. Félagið gerir þó aftur athugasemd við textann „sem barnið býr ekki hjá“ því staðreyndir er sú að barn býr oft á tíðum á tveimur heimilum þó lögheimilið sé aðeins á öðru þeirra. Réttara væri að hafa „sem barnið hefur ekki lögheimili hjá“.

Félagið gerir þá athugasemd við 2. mgr. 57. gr. skv. frumvarpi að samsvarandi grein vantar varðandi umgengni þegar skorið er úr um faðerni. Í forsjármálum samkvæmt núverandi lögum er tekið fram í 4. mgr. 34. gr. laganna að dómari getur skorið úr um umgengni og meðlag samkvæmt kröfu um leið og hann dæmir um forsjá. Samskonar ákvæði ætti í raun að vera varðandi faðernismál en þar er aðeins hægt að úrskurða um meðlag á sama tíma en ekki umgengni. Við komum ekki með tillögu að úrbótum þar að lútandi en vonumst til þess að þeir sem vinna að frumvarpinu geri það.

Félagið fagnar mjög þeim þætti 3. mgr. 57. gr. skv. frumvarpi þar sem loks er tekið tillit til þess að viss framfærsla felist í umgengni við barn. 3. mgr. 57. gr. skv. frumvarpi er í sjálfu sér ekki svo frábrugðin 2. mgr. 57. gr. núverandi laga þar sem taka á mið af þörfum barns, fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra nema hvað búið er að bæta við „að teknu tilliti til umgengni“. Það er þó alveg ljóst að það hefur aldrei verið farið eftir 2. mgr. 57. gr. núverandi laga en vonir okkar standa til þess að meira verði farið eftir þessari nýju 3. mgr. 57. gr.

Félagið fagnar því að í 4. mgr. 57. gr. skv. frumvarpi er búið að finna framfærslukostnað barns sem hægt er að miða við. Félagið gerir hins vegar athugasemdir við hvernig tekjur og bætur eru settar inn í reikningsdæmið.

- Fjármagnstekjur: Það eru nýmæli að fjármagnstekjur eru teknar með í tekjujöfnun foreldra sem ekki búa saman. Fjármagnstekjur eru teknar með í Noregi og þaðan er væntanlega þetta fordæmi og ekkert út á það að setja en fjármagnstekjur er þó ekki hægt að telja til tekna nema tillit sé tekið til fjármagnskostnaðar að sama skapi eins og gert er í Noregi. Í frumvarpinu er aðeins tekið tillit til fjármagnstekna en ekki fjármagnskostnaðar.
- Barnabætur: Það eru nýmæli og réttarbót að taka á tillit til barnabóta við ákvörðun meðlags. Hins vegar ef barnabætur verða eingöngu reiknaðar inn í laun þá kemur sáralítt hluti þess til lækkunar meðlags, þannig að ef báðir foreldrar hafa sömu laun og meðlagsþeginn fær 20.000,kr. í barnabætur þá rennur aðeins um 1.000,kr. af þeirri upphæð til þess framfærsluforeldris sem greiðir meðlag. Eðlilegra væri að bætur sem koma til vegna barns við venjulegar kringumstæður komi til frádráttar á framfærslu áður en framfærslunni er skipt með tilliti til launa eða umgengni. Einnig þarf að gæta að því að „barnabætur“ er aðeins ein tegund bóta vegna barna. Fjöldinn allur er til að allskyns bótum og styrkjum vegna barna sem aðeins koma til lögheimilisforeldrisins. Það eru mannréttindi hvers foreldris að ríkið mismuni ekki foreldrum með aðstoð við framfærslu barns. Því þurfa allar þær bætur, styrkir eða önnur aðstoð vegna barna að vera uppi á borðinu aðgengileg til samanburðar með einföldum hætti. Nauðsynlegt er að taka tillit til alls þessa við ákvörðun meðlags til að gæta réttlætis. Við hvetjum þá sem vinna þetta frumvarp til að fara yfir þau mál.
- Framfærsluskylda: Það er alveg ljóst skv. lögum og frumvarpi þessu að framfærsluskylda skal hvíla á báðum foreldrum. Komi það til að meðlagsgreiðandi borgi fulla framfærslu 54.000,kr. þá er það ljóst að meðlagsþeginn sem er að þiggja bæði 54.000,kr. meðlag og þess utan 20.000,kr. barnabætur og getur því varla sýnt fram á að vera sjálfur að framfæra barnið. Í Noregi getur meðlag ekki numið hærri prósentu en rúmlega 80% af lágmarksframfærslu barns og virðist það vera í því skyni að báðir foreldrar eigi að taka hluta af framfærslunni. Engin varnagli er á því í þessu frumvarpi að meðlagsgreiðandi geti verið látinn sjá einn um framfærslu barns og þannig látinn taka yfir framfærsluskyldu lögheimilisforeldrisins.
- Aflahæfi: Nauðsynlegt er að tryggja það að foreldri sem þiggur meðlag og er heimavinnandi geti ekki fengið aukið meðlag á grundvelli tekjuleysis þar sem það hlýtur að teljast til

forréttinda að geta verið heimavinnandi og meðlagsgreiðandi má ekki lýða fyrir þann munað meðlagsþegans.

- Nokkuð ljóst er að við gerð frumvarpsins er mikið litið til Noregs.

Norska formúlan til að reikna út meðlag er $F * TUF / (TUF + TLF + TB)$

Íslenska formúlan til að reikna út meðlag er: $F * TUF / (TUF + TLF)$

F = Lágamarksframfærsla barns

TUF = Tekjur Umgengnisforeldris eða meðlagsgreiðanda

TLF = Tekjur Lögheimilisforeldris eða meðlagsþega

TB = Tekjur Barns

Í Noregi lækkar meðlag ef barnið er á vinnumarkaði en á Íslandi breytist ekki meðlag við tekjur barns samkvæmt frumvarpi en að öðru leiti er í grunnin sama formúlan notuð við að tekjujafna foreldra. Munurinn á norsku formúlunni og íslensku formúlunni er íslenskum umgengnisforeldrum í óhag. Félagið telur rétt að það komi fram jafnvel þó við tökum ekki afstöðu til þess hvor formúlan sé réttari.

Félagið fagnar mjög því skrefi sem tekið er í 5. mgr. 57. gr. skv. frumvarpi varðandi þau sjálfsgöðu mannréttindi umgengnisforeldra að litið sé til framfærslu þeirra í umgengni við ákvörðun meðlags. Skrefið er stutt en engu að síður skref rétta átt. Félagið gerir athugasemd við orðið „einnig“ í málsgreininni og telur það óþarft og til þess fallið að gera tillit til umgengni að aukaatriði sem það má ekki vera.

- Í frumvarpsdrögum er tafla með þremur umgengnisflokkum þar sem skilgreint er hversu mikið tillit er tekið til umgengni. Enn er augljóst að fyrirmyndin kemur frá Noregi þar sem samskonar tafla er notuð. Töluverður munur er þó á því hvenær byrjað er að taka tillit til umgengni og einnig hversu mikið tillit er tekið til umgengni. Munurinn á norsku töflunni og íslensku töflunni er íslenskum umgengnisforeldrum mjög í óhag og gerir þeim erfiðara með að framfæra börn sín í umgengni en gerist í Noregi.
- Í Noregi er byrjað að taka tillit til umgengni ef umgengni nær tveimur dögum eða nóttum, þannig að ef barn er einn dag aðra hvora viku í umgengni þá er tekið tillit til þess jafnvel þó barn dvelji ekki næturlangt í umgengni. Á Íslandi skv. frumvarpi þarf barn að gista að lágmarki fjórar nætur í mánuði áður en byrjað er að taka tillit til umgengni.
- Norska taflan telur hvort heldur sem er daga eða nætur þannig að gisting er ekki forsenda þess að tillit sé tekið til umgengni. Íslenska taflan telur einungis nætur þannig að gisting er grunnforsenda þess að tillit sé tekið til umgengni.
- Við 9 – 13 daga/nátta umgengni í Noregi dragast að jafnaði 35% grunnframfærslu frá meðlagsgreiðslum. Sambærilegt í íslensku töflunni er 8 – 12 nætur en þar er aðeins 25% grunnframfærslunnar dregnar frá meðlagsgreiðslum.
- Við 14 – 15 daga/nátta umgengni í Noregi dragast að jafnaði 44% grunnframfærslu frá meðlagsgreiðslum. Sambærilegt í íslensku töflunni er 13 nætur eða fleiri en þar er aðeins 30% grunnframfærslunnar dregnar frá meðlagsgreiðslum.

Í Noregi er gert ráð fyrir því að framfærsla barns hækki með hækkandi aldri barns en að sama skapi hækkar sú fjárhæð sem kemur til frádráttar á meðlagi vegna umgengni. Að teknu tilliti til þess er hægt að setja saman íslensku og norsku töfluna í eina töflu og bera saman það hlutfall af lágmarksframfærslu sem kemur til frádráttar meðlagsgreiðslum miðað við tiltekna umgengni.

Umgengni		Hlutfall af lágmarksframfærslu	
Noregur	Ísland	Noregur	Ísland
0 - 1 dagar/nætur		0%	0%
2 - 3 dagar/nætur		5%	0%
4 - 8 dagar/nætur	4 - 7 nætur	18%	15%
9 - 13 dagar/nætur	8 - 12 nætur	39%	25%
14 - 15 dagar/nætur	13 + nætur	49%	30%

Tafla 1. Samanburðartafla á hlutfalli af lágmarksframfærslu sem kemur til frádráttar meðlags við umgengni.

Í greinargerð eru færð rök fyrir því að taka minna tillit til umgengni hér á landi en í Noregi. Rökin eru þau að ákvarðanir foreldra um umgengni gætu litast af fjárhagslegum sjónarmiðum fremur en hagsmunum barnsins og umgengnisdeilum gæti því fjölgað í kjölfarið. Félagið vill benda á í þessu sambandi að gífurlegur fjárhagslegur hagur fellst í því að fara með lögheimili barns á Íslandi samkvæmt núverandi barnalögum. Forsjárdeilur hér á landi gætu því að miklu leiti snúist um fjárhagsleg sjónarmið fremur en hagsmuni barns. Félagið telur miklar líkur á því að ef ríkulega er tekið tillit til umgengni þá fækki hörðum forsjármálum.

Löggjafinn hefur hingað til treyst dómstólum til að dæma forsjá óháð fjárhagslegum hagsmunum foreldra. Löggjafinn á með sama hætti að treysta þeim sem fer með úrskurðarvald í umgengnismálum til að úrskurða óháð fjárhagslegum hagsmunum foreldra.

Félagið gerir engar athugasemdir við 6. og 7. mgr. 57. gr. laganna skv. frumvarpi.

Tillögur Félags um foreldrajafrétti að úrbótum:

Í stað orðanna „barnið býr ekki hjá“ í 1. mgr. 57. gr. laganna skv. frumvarpi kemur: barnið hefur ekki lögheimili hjá.

2. mgr. 3. gr. laganna verður svohljóðandi:

Við ákvörðun meðlags samkvæmt ákvæði þessarar greinar skal miða við lágmarksframfærslukostnað barns kr. 54.000.- sem skipta skal að frádregnum barnabótum milli foreldra í hlutfalli við tekjur eða aflahæfi beggja. Þó þannig að annað foreldrið greiði ekki meira en 80% af fyrrgreindri upphæð, enda hvílir framfærsluskýlda á báðum foreldrum. Lágmarksframfærslukostnaður skal ár hvert taka sömu hlutfallslegu breytingum og vísitala neysluverðs, í fyrsta skipti ári eftir að lögin taka gildi. Með tekjum er hér átt við allar skattskyldar tekjur, þar með talið fjármagnstekjur, að frádregnum þeim skatti sem reiknast af tekjum hvors um sig, svo og fjármagnskostnaði sem tengist fjármagnstekjum hvors um sig.

Orðið „einnig“ í 5. mgr. 57. gr. laganna skv. frumvarpi falli brott.

Að tafla sem miðað er við í sambandi við umgengni og meðlag verði:

Umgengni	Hlutfall af lágmarksframfærslu	Frádráttur
0. flokkur: 0 - 1 dagar/nætur	0%	- kr.
1. flokkur: 2 - 3 dagar/nætur	5%	2.700 kr.
2. flokkur: 4 - 8 dagar/nætur	18%	9.720 kr.
3. flokkur: 9 - 13 dagar/nætur	39%	21.060 kr.
4. flokkur: 14 - 15 dagar/nætur	49%	26.460 kr.

Tafla 2. Frádráttur vegna umgengni.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er verið að aðlaga 59. gr. laganna að hugtaksbreytingum þannig að í stað einfalds meðlags er talað um helming af lágmarksframfærslu o.fl.

Umsögn Félags um foreldrajafrétti:

Félagið gerir engar athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins enda engar efnislegar breytingar sem ekki er tekið á annarsstaðar.

SÉRSTÖK ÚTGJÖLD

Um 6. gr.

Í 6. gr. eru lagðar til nokkrar til nokkrar breytingar varðandi samninga og úrskurði um sérstök útgjöld.

Í 1. mgr. 60. gr. skv. frumvarpi afmarkar þau sérstöku útgjöld sem hægt er að láta sýslumann staðfesta samning um við skírn barns, fermingu, gleraugnakaup, tannréttingar og greftrunar barns.

Í 2. mgr. 60. gr. skv. frumvarpi er kveðið á um heimild sýslumanns til að úrskurða um þessi sérstöku útgjöld auk annarra sérstakra útgjalda. Einnig að við úrskurð skuli skipta útgjöldum í hlutfalli við tekjur eða aflahæfi beggja skv. sömu reglum og við úrskurð um meðlag eins og við á.

3. mgr. er óbreytt 2. mgr. 60. gr. nógildandi laga um tíma sem foreldri hefur til að setja fram kröfu.

Umsögn Félags um foreldrajafrétti:

Félagið gerir ekki aðrar athugasemdir við þessa grein en þá að „barn býr ekki hjá“ er þar í stað þess að vísa í lögheimili.

Tillögur Félags um foreldrajafrétti að úrbótum:

Í stað orðanna „barn býr ekki hjá“ í 2. mgr. 60. gr. laganna skv. frumvarpi kemur: barn hefur ekki lögheimili hjá.

LOK FRAMFÆRSLUSKYLDU

Um 7. gr.

Í 7. gr. frumvarpsins er verið að koma því inn að framfærsluskyldu lýkur gangi barn í hjúskap nema sýslumaður ákveði annað. Í núverandi lögum líkur aðeins meðlagsskyldu en foreldrar eru framfærsluskyldir til 18 ára aldurs barns þrátt fyrir hjúskap þess. Áfram líkur framfærsluskyldu almennt við 18 ára aldur.

Umsögn Félags um foreldrajafrétti:

Félagið gerir ekki athugasemdir við þessa breytingu og telur hana vera í raun leiðréttingu á mistökum við gerð núverandi laga. Þessi sérkennilega grein úr núverandi lögum gefur sterklega til kynna hversu áþreifanleg framfærsluskyldan er hjá því foreldri sem greiðir meðlag. Hins vegar er framfærsluskylda þess foreldris sem ekki greiðir meðlag meira fljótandi og ekki bundin við krónur og aura.

FRAMLAG TIL MENNTUNAR EÐA STARFSÞJÁLFUNAR

Um 8. gr.

Í 8. gr. eru lagðar til lítillagar breytingar á 62. gr. núverandi barnalaga.

Í 1. mgr. segir að sýslumaður geti staðfest samninga um framlag til menntunar eða starfsþjálfunar frá 18 ára aldri og allt til 20 ára aldurs.

Í 2. mgr. er heimild sýslumanns til að úrskurða um menntunarförlag. Gert er ráð fyrir að útgjöldum verði skipt milli foreldra eftir sömu reglum og við ákvörðun meðlags.

Umsögn Félags um foreldrajafnrétti:

Félagið er með nokkrar athugasemdir og spurningar varðandi 8. gr. frumvarpsins:

1. Nú er búið að skerpa á því í 7. gr. frumvarpsins að framfærsluskylda fellur niður gangi barn í hjúskap fyrir 18 ára aldur. Þrátt fyrir það getur barn skv. 8. gr. frumvarpsins sótt um framlag til menntunar eða starfsþjálfunar frá 18 ára aldri til 20 ára aldurs jafnvel þó það hafi gengið í hjúskap og ekki notið framfærslu foreldra sinna í einhvern tíma fyrir 18 ára aldur. Við veltum upp þeirri spurningu hvort þetta sé með vilja gert eða hvort um mistök sé að ræða?
2. Félagið veltir upp annarri spurningu varðandi framlag til menntunar eða starfsþjálfunar og það er hvaða ástæður eru fyrir því að framlag þetta skuli vera látið ganga beint til barnsins en ekki til þess foreldris sem framfærir barnið búi það enn hjá öðru hvoru foreldrinu? Í dag er það þannig að skilnaðarbörn á seinnihluta menntaskóla hafa almennt mun betri og rýmri fjárráð en samnemar þeirra sem búa hjá báðum foreldrum. Ástæðu þess má rekja til mánaðarlegs menntunarförlags sem skilnaðarbörn eru að fá í sinn vasa frá meðlagsgreiðanda en sambærilegar greiðslur koma ekki til annarra barna.
3. Félagið veltir einnig upp þeirri spurningu hvort rétt sé að miða við grunnframfærslu barns þegar tekin er ákvörðun um framlag til menntunar eða starfsþjálfunar? Ljóst er að fyrrnefnt framlag tengist ekki framfærslu barns enda framfærsluskylda ekki lengur fyrir hendi. Hér er um sérstakan styrk til náms eða starfsþjálfunar og því kannski rétt að miða við aðra upphæð. Verði það að veruleika að skilnaðarbarn geti fengið allt að 54.000,kr. á mánuði í menntunarförlag frá 18 ára til 20 ára, þá er það mikil hækkun á fjárráðum þessa hóps og enn mun draga í sundur á fjárráðum skilnaðarbarna og annarra barna í framhaldsskólum.
4. Að lokum vill félagið benda á að í Noregi er alltaf tekið mið af tekjum barns hvort sem verið er að úrskurða um meðlag eða um framlag til menntunar eða starfsþjálfunar. Við teljum rétt að þegar barn hefur náð 18 ára aldri verði tekur þeirra teknar með í reikninginn enda geta tekjur þess verið farnar að skipta miklu máli.

GREIÐSLA MEÐLAGS

Um 9. gr.

Í 9. gr. er lögð til breyting á 1. mgr. 63. gr. laganna þannig að í stað „Meðlag skal greiða mánaðarlega fyrir fram nema annað sé löglega ákveðið.“ komi „Meðlag skal greiða mánaðarlega fyrir fram með reglubundnum greiðslum nema annað sé löglega ákveðið.“ þar sem „með reglubundnum greiðslum“ er bætt inn í málsgreinina.

Umsögn Félags um foreldrajafrétti:

Félagið sér enga efnislega breytingu í 9. gr. frumvarpsins og gerir engar athugasemdir.

BREYTING Á SAMNINGI EÐA DÓMSÁTT UM MEÐLAG

Um 10. gr.

Í 10. gr. frumvarpsins er bætt við þau tilvik breytinga á aðstæðum sem gefa sýslumanni leyfi til að breyta með úrskurði staðfestum samningi um meðlag eða dómsátt. Bætt hefur verið aftan við c. lið 1. mgr. 64. gr. laganna þannig að hægt verði að úrskurða um meðlag hafi t.d. umgengni breyst. c. liður lýtur þá þannig út: c. samningur eða dómsátt er ekki í samræmi við fjárhagsstöðu foreldra og önnur atriði sem hafa skal hliðsjón af við ákvörðun meðlags.

Umsögn Félags um foreldrajafrétti:

Félagið telur hér um eðlilega og nauðsynlega breytingu að ræða sem ekki þarf nist útskýringa.

REGLUGERÐ UM ÁKVÖRÐUN MEÐLAGS OG FLEIRA

Um 11. gr.

11. gr. er lögð til ný 65. gr. A, svohljóðandi:

„Dómsmálaráðherra setur reglugerð um nánari ákvörðun meðlags og fleira samkvæmt ákvæðum þessa kafla, þar á meðal hvernig reikna skuli heildartekjur og skatta, hvernig skuli háttá frádrætti vegna umgengni og hámarksfjárhæðir vegna sérstakra útgjalda eftir því sem við á.“

Umsögn Félags um foreldrajafrétti:

Félagið telur rétt að löggjafinn leggi til eins nákvæm fyrirmæli um ákvörðun meðlags í lögunum sjálfum og kostur er. Félagið varar við því að löggjafinn framselji of mikið vald til ráðherra um efnisatriði málsins. Til dæmis getur löggjafinn vel sett í löginn hvernig reikna skuli „heildartekjur og skatta“. Minna má á að meðlagsgreiðslukerfið er gríðarlega stórt millifærslukerfi í þjóðfélaginu sem færir milljarða á milli einstaklinga og því rétt að löggjafinn setji um það eins skýrar reglur og unnt er.

Tillögur Félags um foreldrajafrétti að úrbótum:

Félagið leggur til að 11. gr. frumvarpsins falli út þannig að ekki verði af því að 65. gr. A komi inn í löginn.

Félagið leggur til að reglugerð sú sem lögð er til að dómsmálaráðherra geri verði sett í frumvarps form og lögð fyrir Alþingi til þinglegrar meðferðar.

FJÁRNÁMSHEIMILD

Um 12. gr.

Í 12. gr. frumvarpsins eru gerðar orðalagsbreytingar á 66. gr. barnalaga um fjárnámsheimildir í þeim tilgangi að gera greinina skýrari. 66. gr. laganna mun þá líta þannig út:

„Gera má fjárnám fyrir meðlagi á grundvelli dóms, dómsáttar eða úrskurðar sýslumanns eða samnings foreldra um meðlag skv. 55. gr., staðfestum af sýslumanni.

Einnig má gera fjárnám fyrir öðrum greiðslum skv. IV. og IX kafla á grundvelli úrskurðar sýslumanns eða samnings staðfestum af sýslumanni.“

Umsögn Félags um foreldrajafrétti:

Engar efnislegar breytingar fylgja 12. gr. frumvarpsins og félagið telur tillöguna vel til þess fallna að skýra greinina og gerir því ekki athugasemdir.

GREIÐSLUSKYLDA TRYGGINGASTOFNUNAR RÍKISINS

Um 13. gr.

Í 13. gr. frumvarpsins eru settar ítarlegar reglur um greiðsluskyldu Tryggingarstofnunar ríkisins og sett skýr mörk á hámark greiðsluskyldunnar. Ítarlegur listi er yfir þær greiðslur sem TR ber skyldu til að greiða.

a. dómi, dómsátt eða úrskurði sýslumanns um meðlag eða samningi foreldra staðfestum af sýslumanni um meðlag skv. 55. gr., þó aldrei hærri fjárhæð vegna framfærslu en sem nemur helmingi af lágmarksframfærslukostnaði barns skv. 4. mgr. 57. gr.,

b. úrskurði sýslumanns eða samningi foreldra staðfestum af sýslumanni um framlag vegna sérstakra útgjalda skv. 60. gr., þó aldrei hærri fjárhæð en sem nemur helmingi af hámarksfjárhæð skv. reglugerð,

c. úrskurði sýslumanns eða samningi foreldris og ungmennis staðfestum af sýslumanni vegna framlags til menntunar eða starfsþjálfunar skv. 62. gr., þó aldrei hærri fjárhæð en sem nemur helmingi af lágmarksframfærslukostnaði barns skv. 4. mgr. 57. gr.

Umsögn Félags um foreldrajafrétti:

Félagið gerir ekki athugasemdir við 13. gr. frumvarpsins um greiðsluskyldu Tryggingarstofnunar ríkisins.

LÖG UM FÉLAGSLEGA AÐSTOÐ

Um 14. gr.

Í 14. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007.

Í fyrsta lið er bætt inn félagslegri aðstoð vegna sérstakra útgjalda vegna barns auk þess sem barnalífeyri skipt út fyrir helming lágmarksframfærslu í 1. gr. laga nr. 99/2007.

Framlag vegna menntunar eða starfsþjálfunar

Í öðrum lið er bætt inn rétti til félagslegrar aðstoðar ef skilríki liggur ekki fyrir um faðerni og auk þess er tekið út ákvæði um að líta megi til annarra tekna ungmenna á aldrinum 18 – 20 ára við ákvörðun framlags vegna náms

Framlag vegna sérstakra útgjalda vegna barns

Í þriðja lið er bætt inn nýrri 3. gr. A., vegna sérstakra útgjalda vegna barns skv. 60. gr. barnalaga þar sem Tryggingarstofnun ríkisins er heimilt að greiða fjárhæð vegna sérstakra útgjalda, sem nemur helmingi af hámarksfjárhæð skv. ákvæði um sérstök útgjöld í reglugerð skv. barnalögum með sömu skilyrðum og um framlög vegna menntunar eða starfsþjálfunar.

Umsögn Félags um foreldrajafrétti:

Félagið gerir ekki athugasemdir við breytingar á lögum um félagslega aðstoða skv. 14. gr. frumvarpsins.

GILDISTAKA LAGANNA

Um 15. gr.

Í 15. gr. frumvarpsins er fjallað um gildistöku laganna.

Umsögn Félags um foreldrajafrétti:

Félagið gerir ekki athugasemdir 15. gr. frumvarpsins um gildistöku laganna.

LOKAORÐ

Félagið telur miklar framfarir liggja í þessu frumvarpi um breytingar á meðlagskerfinu. Of lítið er þó tekið tillit til beinnar framfærslu foreldris með umgengni og umönnun við barnið sjálft. Mun meira er gert úr tekjujöfnun foreldra sem ekki búa saman en raunverulegri framfærslu barns.

Félagið vill að lokum leggja áherslu á rétt barnsins til beggja foreldra sinna og að mörg þúsund börn á Íslandi eiga raunverulega tvö heimili. Löggjafinn þarf að viðurkenna það.

Fyrir hönd félags um foreldrajafrétti:

Heimir Hilmarsson, formaður
Lúðvík Börkur Jónsson, varaformaður
Ásgeir Ingvi Jónsson
Birgir Grímsson
Hallgrímur Egilsson
Inga Helga Sveinsdóttir
Jón Gunnar Hannesson
Karvel Aðalsteinn Jónsson
Nína Björg Sæmundsdóttir
Rúnar Gíslason
Rúnar Gregory Muccio
Þórólfur Gunnarsson